

Veiðimálastofnunin apr. 1979
Tumi Tómasson, Borgarnesi.

Athuganir í Grímsá og Tunguá 1978.

Inngangur.

Dagana 29/8 - 3/9 1978 var gerð á vegum veiðimálastofnunarinnar könnun á fjölda og aldursdreifingu laxaseiða í Grímsá og Tunguá. Er þetta framhald athugana sem Teitur Arnlaugsson, starfsmaður veiðimálastofnunarinnar, framkvæmdi 1976 og 1977. Ætlunin var að veiða á sömu stöðum ár hvert og fá þannig hugmynd um sveiflur í stærð einstakra árganga. En til að þetta megi takast verður að veiða á nákvæmlega sömu stöðum ár hvert, einkum þar sem botngerð er breytileg, en aldursdreifing laxaseiða á hverjum stað er að verulegu leiti háður botngerð og einnig straumlagi að nokkru leiti. Rafveiðistaðirnir voru merktir þessu sinni með gulum hælum á árbakkanum til að auðveldara reynist að finna þá aftur næsta haust.

Grímsá.

Gert er grein fyrir rafveiðistöðum í töflu 1. Í töflu 2 eru birtar niðurstöður rafveiðanna og samanburður við fyrri ár. Í mynd 1 er sýnd lengdar- og aldursdreifing lengdarmældra seiða, en ekki voru öll 0+ seiði mæld.

Erfitt er að gera samanburð á styrkleika árganga milli ára þar sem ekki er víst að um sömu veiðistaði sé að ræða frá ári til árs í öllum tilfellum. Svo virðist þó sem árgangurinn 1976 (árangur hrygningar 1975) hafi komið nokkuð vel út á 3 neöstu stöðunum. Á veiðistöðum 8 og 9 kemur þetta fram sem aukning í fjölda 2+ seiða, en á veiðistað 10 er nánast um fækkun á elztu seiðunum að ræða, enda eru þar takmörkuð skilyrði fyrir stærri seiði, skilyrði sem versna að mun þegar hrygningarstofninn stækkar, vegna þess hve skjóllíftill botninn þar er.

Gönguseiðaframleiðsla hvers svæðis er ein raunhæfasta viðmiðun um heppileika viðkomandi svæðis til uppeldis. Með lestri hreistursýna má komast að hverri lágmarksstærð seiðin þurfa að ná fyrir síðasta veturinn í ánni. Þó er mikilvægt að hreistrið sé tekið á réttum stað af fiskinum eigi þær að vera marktækar. Lesin voru 10 hreistur af fullorðnum laxi og rúm 40 af seiðum (til að fá fram samband milli hreisturstærðar og lengdar seiðanna). Samkvæmt því var lengd við síðasta vetur 8,4 - 10,7 cm (\bar{x} 9.5) og við niðurgöngu 8.7 - 12.4 cm (\bar{x} 10.7). Töluverð óvissa er í niðurstöðunum, sennilega fyrst og fremst vegna þess að ekki hefur verið vandað nóg til hreisurtökunnar og sýnin eru fá. Meðallengd náttúrulegra gönguseiða er nokkuð

breytileg milli ára. Í Úlfarsá var meðallengdin frá 11.0 til 13.3 cm á árunum 1949 - 59. Miðað við niðurstöður hreisturlesninganna og lengdar- og aldursdreifingu seiðanna ganga þau flest til sjávar eftir 3 vetur í ánni. Litill hluti seiða á efstu 2 stöðunum ganga eftir 4 vetur og verulegur hluti seiðanna á veiðistað 7 eftir 2 vetur. Hér er miðað við að seiðin hafi átt eftir að vaxa um 1 cm hausti sem könnunin fór fram. Nauðsynlegt er að gera ýtarlegri könnun á þessum þáttum í framtíðinni.

Niðurstöður seiðakannanna í Grímsá benda til þess að ekki verði verulegar sveiflur í laxagengd á næstu tveim veiðitímabilum, en etv. mun hún aukast eitthvað. Þó verður að slá enn einn varnaglann í þessu sambandi. Þegar seiðum fjölgar er veruleg hætt á að þau verði í rýrum holdum. Þetta hefur neikvæð áhrif á afkomu þeirra síðasta veturinn í ánni jafnframt sem reikna má með hlutfallslega minni endurheimtum úr sjó.

Tunguá.

Niðurstöður eru sýndar í töflu 3 og mynd 2. Niðurstöðurnar frá efsta veiðistaðnum eru ekki samanburðarhæfar. Árið 1978 var veitt neðar en á árunum á undan og þar er botninn mun grýttari. Á neðsta staðnum er töluvert meira af 2+ seiðum en áður hefur fundist, en hinsvegar fundust 1978 mun færri seiði (2+) á næst neðsta staðnum en á árinu áður.

Einhver hluti seiðanna á ~~XXXXXX~~ efsta staðnum nær gönguproska eftir 2 vetur, en á stöðunum þar fyrir neðan fara flest seiðin út eftir 3 vetur og sum eftir 4. Ekki er að búast við verulegum sveiflum í laxagengd á næstu 2 árum.

Stór hluti hænga á öðru og þriðja ári eru kynþroska. Samfara hrygningu þessara "seiða - hænga" eru yfirleitt töluverð afföll, sem sést etv. bezt á því að í ádrætti fyrir neðan Englandsfoss fengust 28 hrygnur en einungis 6 hængar. Þetta virðist ekki vera eins algengt í þar sem seiðapéttleikinn er lágur og ekki eins algengt í stórum ám eins og litlum.

Árangur sleppinga sumaraldra seiða á Ólaxgengan hluta Tunguár var kannaður. Lengdar- og aldursdreifing veiddra seiða er sýndur á mynd 2. Velflest seiðanna ná gönguproska á ári skemmri tíma en seiðin fyrir neðan foss. Þetta er einkum athyglisvert fyrir það hve ræfilsleg sleppiseiðin hafa verið. Meðallengd sleppiseiðanna haustið 1978 var 4.2 cm (133 voru lengdarmæld) eða heldur minni en jafnaldrar þeirra fyrir neðan foss. en jafnframt voru þau í meiri lakandi holdum. Má

búast við verulegum afföllum á þessum seiðum fyrstu vikunnar eftir sleppingu. Eins væri æskilegra að sleppa seiðunum fyrr á sumrinu til að þau fái lengri tíma til að aðlagast nýjum heimkynnum áður en vetur gengur í garð. Þrátt fyrir þessa vankanta er áætlað að um 18% af seiðunum hafi lifað af fyrsta árið, óg má reikna með að svæðið skili af sér um 1000 gönguseiðum í vor. Þessi seiði eru öll í mun betri holdum en seiðin fyrir neðan foss og er líklegt að þau skili sér ólíkt betur sem fullorðnir laxar að ári.


Í haust var sleppt fullorðnum laxi uppfyrir fossinn - 28 hrygnum og 6 hængum, allt eins árs lax úr sjó. Verður að kanna árangur þessa aðgerða með rafmagnsveiðum á sumri komanda. Sennilega er hér um að ræða ódýrustu og jafnframt heppilegustu nýtingu ólaxgenga hlutans. Til að fá hámarksnýtingu á svæðið þarf ca 15 - 20 hrygnur.

Tillögur um laxarékt.

Hér á eftir fara nokkrar tillögur um aðgerðir sem stuðla myndu að aukinni laxagengd. Nánari útskýringar á hvers vegna slíkar aðgerðir myndu bera árangur er að finna í grein sem fylgir skýrslunni.

1. Laxgengur hluti Tunguár er stórlega ofsetinn seiðum. Aukin framleiðsla fengist með að auka veiðiálag í ánni. Það ætti alls ekki að takmarka veiðiálag á ánni umfram leyfilegan stangarfjölda. Rétt væri að sækja um að fá fjölgun á stöngum í ánni eða grysjá stofninn með öðrum hætti, td gildruveiðum. Ég ætla að æskileg stærð hrygningarstofnsins í ánni sé um 60 - 70 hrygnur.
2. Einnig Grímsá er ofsetin seiðum. Ber skilyrðislaust að drepa allar hrygnur sem veiðast í ánni. Ég tel að æskileg stærð hrygningarstofnsins í ánni sé um 300 - 350 hrygnur.
3. Uppeldisskilyrði eru víða fremur rýr í Grímsá. Úr þessu mætti bæta með grjótburði í ána.
4. Slepping sumaraldra seiða í efsta hluta Grímsár og í Reyðarvatn. Ég tel ekki öruggt að góður árangur fengist með því að grafa hrogn í Grímsá, til þess gæti áin verið helzt til of köld. Má benda á að vorgömul seiði sem veiddust á efstu stöðunum í Grímsá í haust voru að jafnaði smærri en vorgömul seiði neðar í ánni. Þó gætu legið aðrar orsakir að baki td mismunandi seiðapéttleiki (lífþyngd seiða per m²) eða næringarefna snauðara vatn.

Samt 260-450 hrygnur = 260-450 1000




1



2



3




MILLI 30=4

4




5




6




7




8



9



10




Tafla 1: Rafveiðistaðir í Grímsá, staðsetning, botngerð og stærð (lengd x breidd).

1. Skammt fyrir ofan veiðistað 64, botn grýttur, veitt frá norðurbakka, 20 x 20 m.
2. Niður undan Oddastaðarétt við vaðið í annarri kvíslinni að norðan, fínn malarbotn en skjól af torfuhnausum sem brotnað hafa úr bakkanum, 40 x 10 m.
3. Við veiðistað 58, fínn malarbotn, veitt frá suðurbakka, 25 x 20 m.
4. Fyrir ofan veiðistað 56 í miðkvíslinni, fínn malarbotn, 20 x 15 m.
5. Nálægt veiðistað 45, sand- leirbotn en fín mól innanum og töluverður mosavöxtur, veitt frá norðurbakka, 40 x 15 m.
6. Við hólmann fyrir neðan veiðistað 41, fínn botn mjög sandblendinn, miklir gróðurflákar í ánni, veitt frá norðurbakka, 40 x 15 m.
7. Fyrir neðan veiðistað 36, sléttur og harður botn en staksteinótt, töluverðir gróðurflákar, veitt við norðurbakka, 40 x 10 m.
8. Neðan við veiðistað 33, víðast tiltölulega sléttur hraunbotn úti í ánni en steinar og björg við bakkann, veitt frá norðurbakka, 50 x 20 m.
9. Fyrir ofan veiðistað 21, í aðalkvísl við efri enda hólma, grýtt, veitt frá norðurbakka, 40 x 20 m.
10. Við veiðistað 7, sléttur malarbotn, veitt frá suðurbakka, 40 x 15 m.

Tafla 2: Niðurstöður rafmagnsveiða í Grímsá 1976 - 1978. Áætlaður fjöldi laxaseiða á hverja 100 m², skipt eftir aldri.

Velðist.	1976			1977			1978		
	0+	1+	2+/3+	0+	1+	2+/3+	0+	1+	2+/3+
1	fá	27	26	-	-	-	20	40	25
2	mörg	40	1	52	42	7	100	38	5
3	fá	28	1	-	-	-	20	6	0
4	fá	25	2	-	-	-	80	7	0
5	fá	1	0	-	-	-	8	0	0
6	fá	3	+	59	3	2	19	1	+
7	fá	+	0	-	-	-	60	7	+
8	fá	12	2	44	31	3	24	17	5
9	fá	11	3	17	68	3	41	35	8
10	fá	14	1	43	35	2	77	17	+



MYND 2 LENGDAR- OG ALDURSDREIFING LAXASELDA I TUNGA.

Tafla 3: Niðurstöður rafmagnsveiða í Tunguá 1976 - 1978. Áætlaður fjöldi laxaseiða á hverja 100 m, skipt eftir aldri.

Veiðistaður	1976			1977			1978		
	0+	1+	2+/3+	0+	1+	2+/3+	0+	1+	2+/3+
Ca 50 m fyrir ofan brú	mörg	42	12	78	61	11	228	42	20
Milli veiðistaðs 4 og 5	mörg	51	18	fá	88	42	55	56	18
Fyrir neðan gamla vaðló að Iðunnarstöðum.	mörg	60	20	157	190	22	100	51	19
Ca 100 m fyrir neðan Englandsfoss.	mörg	14	5	195	53	6	70	55	24